

Fylgiskjölin eruð þér beðnir að senda aptur með svari yðar,
og vonumst vér, eins og ástatt er, eptir að fá það sem fyrst.

1865.
9. marz.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um að fækka hundum á landinu.

10. marz.

Af riti því, sem dr. Krabbe hefir samið og útbýtt hefir verið á Íslandi að tilhlutun dómsmálastjórnarinnar, og svo heitir: „Athugasemdir handa Íslendingum um sullaveikina og varnir móti henni”, munuð þér, herra amtmaður (stiptamtmaður) hafa komizt að raun um, að menn hafa komizt að þeirri niðurstöðu af vísindalegum lækna rannsóknum á hinum seinustu árum, að orsökkin til sjúkleika þessa bæði hjá mönnum-og skepnum sé sú, að egg úr bandormunum í hundunum berast inn í líkamann. Með því að svo má ætla, að sjúkdómur þessi mundi verða sjaldgæfari, ef fækkað væri hinum óþarfa grúa af hundum á Íslandi, hefir dr. Krabbe stungið uppá því í skýrslu sinni til dómsmálastjórnarinnar um ferð sína til Íslands árið 1863, til þess að rannsaka sullaveikina: að komið sé reglu á um hunda-eign manna á Íslandi, annaðhvort á líkan hátt og lengi hefir átt sér stað á Færeyjum; en þar er bannað í tilskipun frá 2. aprílmán. 1698 að hafa fleiri hunda, en sýslumaður og beztu menn í sveitinni álíta að þörf sé á, eða þá á þann hátt, að lagður sé skattur á hunda um allt Ísland, svo að ekki séu hafðir fleiri hundar en ekki verður án verið. Dómsmálastjórnin skrifadist á við hið konunglega heilbrigðisráð útaf skýrslu dr. Krabbes, og hefir fengið frá því álitsskjal frá manni, sem hefir einkar vel vit á þessu málefni; en það er Steenstrup, kennari í dýrafræði við háskólann í Kaupmannahöfn. Hefir hann auk annars sagt: að þareð hundarnir séu hin fyrsta undirrót sullaveikinnar, sé það vitaskuld, að þó ekki sé unnt að eyða undirrót svo mikilla meinsemda að fullu og öllu, beri þó að einskorða hana svo mjög sem auðið er; að hann sé dr. Krabbe öldungis samdóma, og leggi til með því, að fylgt sé fram uppástungu

1865.
10. marz.

hans um, að hundunum á Íslandi sè fækkað svo, að ekki sèu hafðir fleiri en brýnu nauðsyn ber til, og getur hann þess, að, eptir þeirri niðurstöðu, sem dr. Krabbe með rannsóknum sínum hefir komizt að um fjölda hinna ýmsu bandormategunda í íslenzku hundunum í samanburði við fjölda bæði bandormategundanna og sjálfra bandormanna í hundunum á meginlandinu og einkum í Danmörku, hafi stjórnin fullan rétt á, til að verja heilbrigði manna, að krefjast þess, að hundunum á Íslandi sè fækkað; að það megi álíta öldungis vafalaust frá vísindalegu sjónarmiði, að fækkun hundanna muni hafa það í för með sér, að færri menn fái sullaveikina, og ef menn um leið gætu komið landsmönnum til að hafa nákvæmlega gætur á, að hundunum, sem eptir yrðu, væru ekki gefin innýflin úr sullaveikum kindum, mundu enn færri fá sjúkdóm þenna; og að til þess að vekja ekki of miklar vonir hjá landsmönnum, er byggðar væru á eintómum misskilningi, og gætu orðið þess ollandi, að menn misstu traust á, að aðferð þessi einskorðaði og stemmdi stigu fyrir sjúkdómnum, ætti að taka skýrlega fram, að ef landsmenn vili ganga úr skugga um það, eigi þeir að gefa gætur að, hversu mjög sullirnir í kindunum fækka, því að heil kynslóð verður að líða undir lok, áður en menn geti sannfærzt um, að sullaveikin í mönnum fari minnkandi að nokkru ráði, vegna frjókorna þeirra til sjúkdómsins, er þegar hefir sáð verið. Hið konunglega heilbrigðisráð hefir fallizt á álitsskjal Steenstrups prófessors, og skotið því til atkvæða stjórnarráðsins, að bera sig saman við embættismennina á Íslandi, og kjósa síðan aðra-hvorja uppástunguna: annaðhvort að fækka hundunum beinlínis, eða að koma á hundaskatti.

Um leið og vèr vísam til rits dr. Krabbes, þess er fyr er um getið, og til útdráttar úr skýrslu hans til dómsmálastjórnarinnar, er fylgir í eptirriti með bréfi þessu, og er á báðum þeim stöðum skýrt nákvæmar frá efni þessu, eruð þér, herra amtmaður (stiptamtmaður), bœðnir um að láta í ljósi álit yðar um, hvor af þessum uppástungum muni hægst og best stuðla til að ná miði því, sem stefnt er að, og ef þér fallist á aðra-

hvora uppástunguna, þá að koma með uppástungu um, hvernig ætti að framkvæma hana.

1865.
10. marz.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um konungstíund af kirkjujörðum. 11. marz.

Með bréfi dagsettu 19. októbermán. f. á. hafid þer, herra stiptamtmaður, og þer, háæruverðugi herra, sent dómsmálastjórninni bréf frá sira Jóni Þorvarðarsyni, héraðsprófasti í Borgarfjarðarsýslu. Spyr hann um, hvort nokkur lagaheimild sé til þess að heimta konungstíund af kirkjujörðum; en tilefnið var það, að sýslumaðurinn í Borgarfjarðar sýslu hefði krafizt konungstíundar af slíkum jörðum á manntalsþingunum vorið fyrir. Hafid þer skotið málefni þessu undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þer auglýsið það þeim sem hlut eiga að máli, að stjórnarráðinu finnst ekki vera ástæða til að leggja úrskurð á málefni þetta, þar sem það eptir edli sínu liggur undir verkahring dómstólanna.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun fyrir úttekt á umboðsjörðum. 14. marz.

Með úrskurði dags. 20. aprilmán. 1863 hafid þer, herra amtmaður, færzt undan að borga Stefáni Bjarnarsyni, sýslumanni í Ísafjarðarsýslu, reikning, 53 rdl. 48 sk. að upphæð, fyrir fædispeninga og ferðakostnað, þegar hann hélt úttektargjörðir á Barðastrandar og Álptafjarðar umboðsjörðum, en það var á árunum 1860 og 1861. Útaf þessu hefir sýslumaðurinn í bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar dags. 6. aprilmán. f. á., beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um það, hvort sér beri